

Menntamálanefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



Reykjavík, 29. mars 2011

Efni: athugasemdir 365 miðla ehf. vegna nefndarálits meirihluta menntamálanefndar um frumvarp til laga um fjölmiðla, 198. mál.

365 miðlar ehf. (365) vísa almennt til athugasemda sinna vegna frumvarps til laga um fjölmiðla, 198. mál (frumvarpið) sem hafa áður komið fram við vinnslu málsins. 365 telur þó brýnt að koma eftirfarandi athugasemdum við nefndarálit meirihluta menntamálanefndar á framfæri við nefndina, nú þegar frumvarpið er að fara fyrir aðra umræðu.

a) Brot á löggjöf EES að huga ekki að samkeppni á fjölmiðlamarkaði í heild, eins og kemur fram í nýlegri ákvörðun ESA

Í frumvarpinu er í engu tekið á hlutverki Ríkisútvarpsins (RÚV) á auglýsingamarkaði þrátt fyrir að það hafi komið fram í umsögnum að það væri óeðlilegt að setja heildstæða löggjöf um fjölmiðla án þess að hún taki á neinn hátt á alvarlegri stöðu samkeppnismála í greininni og úrræðaleysi við brotum. Í nefndaráliti meirihlutans er því til svarað að um það verði fjallað í nýrri löggjöf um RÚV og er ámælisvert ef það á að afgreiða svo mikilvægt mál á svo ófullnægjandi máta.

Það er með ólíkindum að í nefndaráliti meirihlutans nú sé ekkert vikið að ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) nr. 38/11/COL frá því 9. febrúar síðastliðinn. Í ákvörðuninni kemur skýrt fram að það verði í fjölmiðlalögunum sjálfum að gefa samkeppni á markaðinum fótfestu, ef koma á í veg fyrir óheilbrigða samkeppni. Því er með öllu óásættanlegt að þeim útskýringum sé haldið á lofti að sérstaklega verði hugað að stöðu RÚV á auglýsingamarkaði í sérlægum um RÚV, þar sem það fer þvert gegn ákvörðun ESA um nauðsyn þess að huga að samkeppnismálum í heildar löggjöf um fjölmiðlamarkaðinn. Í áliti ESA kemur einnig fram að það sé brýnt að í fjölmiðlalögunum verði fundinn farvegur úrlausna í samkeppnismálum til að auka skilvirkni og gegnsæi eftirlits¹. Til að mæta þeim kröfum ESA væri til að mynda aðgengilegt að veita Samkeppniseftirlitinu heimild í stjórnslukafila frumvarpsins til að hafa afskipti af þessari atvinnugrein.

Það er ámælisvert að menntamálanefnd kjósi að virða að vettugi skýrt álit ESA. Með því er vísitandi verið að brjóta gegn regluverki EES og engin tilraun gerð til að tryggja sanngjarna samkeppni samkvæmt skuldbindingum EES réttar.


¹Sjá bls. 43 í ákvörðun ESA þar sem segir: "...The Authority requests the Icelandic authorities to include appropriate provisions in this regard in the broadcasting legislation and to ensure that there are appropriate mechanisms in place to allow the assessment of any potential complaint in an effective way at the national level."

Það er óskiljanlegt af hverju íslensk stjórnvöld sýna engan áhuga á að tryggja eðlilega og sanngjarna samkeppni á fjölmiðlamarkaði, þrátt fyrir skýra afstöðu eftirlitsaðila sem stjórnvöldum ber að fara eftir. Auk þess virðist sem stjórnvöld hafi hug á að auka samkeppnisforskot RÚV þar sem Menntamálaráðuneytið hyggst setja reglugerð sem mun skylda fjölmiðla til að sýna „mikilsverða viðburði“ í opinni dagskrá án endurgjalds. Slík reglusetning er augljóslega sett nú sem viðbrögð við því að 365 átti réttinn að nýfstöðnu Heimsmeistaramóti í handbolta. Ráðuneytið hefur aldrei sýnt slík viðbrögð þegar RÚV hefur hætt með viðlíka mikilsverða viðburði, sem Stöð 2 hefur þá oft tekið við. Þvert á móti hafa verið lítil viðbrögð við því þegar Stöð 2 hefur ítrekað bjargað menningarviðburðum á eigin kostnað, þrátt fyrir að það megi færa rök fyrir því að þeir viðburðir falli undir lögboðið þjónustuhlutverk RÚV. Það er ekki fyrr en RÚV missir réttinn að vinsælum og arðbærum viðburði sem ráðuneytið bregst við. Skýringar ráðuneytisins um að viðlíka reglugerðir hafi verið settar í mörgum ríkjum á grundvelli löggjafar Evrópusambandsins standast ekki. Það er ekkert annað ríki með sambærilega stöðu á fjölmiðlamarkaði, og hér ríkir. Takmörkun á möguleikum RÚV til að afla kostunar og auglýsinga á markaði, til viðbótar við ríkisstyrki, til að yfirbjóða vinsælt efni af þessu tagi, er forsenda fyrir slíkum reglum Menntamálaráðuneytis, ef þær eiga ekki að raska samkeppnisaðstæðum enn frekar en orðið er.

b) Misskilningur einkennir athugasemdir vegna milliliðalausra viðskiptatengsla

Í nefndarálitni meirihlutans um milliliðalaus viðskiptatengsl kemur fram að öflugasta fjölmiðlaveitan hér á landi haldi jafnframt utan um sölu áskrifta og reikningsútskrift fyrir þjónustu sína á öllum dreifingarleiðum. Svo segir einnig í álitinu að það sé gert „einnig fyrir samkeppnisaðilana“. 365 telur brýnt að leiðréttu þennan misskilning, þar sem 365 heldur í engu utan um sölu áskrifta og/eða á önnur samskipti við viðskiptavinum samkeppnisaðila. Dreifiveitur fara nú þegar með samskipti við sína viðskiptavinum, vegna myndlykla og slíks. Eina efnisbreytingin sem felst í ákvæðinu er að Póst- og fjarskiptastofnun geti falið öðrum en sjónvarpsstöð að halda utan um hverjir eru viðskiptavinir hennar og að sjónvarpsstöð sé haldið frá þeim upplýsingum. Í nefndarálitinu koma engin rök fram sem réttlæta að stofnun fái heimild til slíkrar skemmdarstarfsemi, sem gæti haft ómældar afleiðingar fyrir rekstur fjölmiðlaveitenda, eins og áður hefur komið fram í athugasemdum 365.

Virðingarfyllt,
f.h. 365 miðla ehf.,



Hildur Sverrisdóttir
lögfræðingur

//Afrít sent til ESA og Samkeppniseftirlitsins, til upplýsingar.